

## Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógætaréttarúrskurður skal vera óraskaður. Áfrýjandinn Þórður Jónsson greiði stefnda Sigurði S. Skagfjörð i málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr. er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. aprilmán. 1918.

Nr. 87/1917.

Andr. Figved

gegn

Gunnari Ingimundarsyni.

## Dómur:

Með gestaréttardómi Suður-Múlasýslu uppkveðnum 17. febr. f. á. var Andr. Figved kaupmaður á Eskifirði dæmdur til að greiða Gunnari Ingimundarsyni bátsformanni á Stokkseyri 203 kr. 78 a. í skaðabætur fyrir samningsrof og 15 kr. í málskostnað.

Andr. Figved hefir, að fengnu uppreistarleyfi, skotið þessum dómi til yfirdómsins með stefnu útgefni 20. okt. f. á. og krafist að verða sýknaður í málinu og fá sér dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. En kröfur stefnda Gunnars Ingimundarsonar eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Að því er stefndi hefir skýrt frá, eru tildrög málsins þau, að áfrýjandi keypti af honum haustið 1916 7927 pund af Labradorfiski fyrir hæsta gangverð á Eskifirði; lét áfrýjandi sækja fiskinn á báti út á Vattarnes, og gaf verzlunarpjónn hans, Eiríkúr Bjarnason, er fiskinn sótti, stefnda viðurkenningu fyrir móttöku hans og þyngd. En þegar fiskurinn kom til Eskifjarðar og hafði verið látinn þar á bryggju áfrýjanda, neitaði áfrýjandi að kaupa hann. Í flutningnum var að sögn stefnda farið illa með fiskinn og nokkuð af honum féll í sjóinn við uppskipun á Eskifirði. Fyrir þessar sakir kveðst stefndi hafa orðið að selja öðrum fiskinn með afföllum, þannig að hann fékk fyrir hann aðeins 1524 kr. 42 aur. í staðinn fyrir 1728 kr. 20 au., sem hann hefði átt að fá eftir hæsta gangverði á Eskifirði. Mismunurinn á þessum upphæðum 203 kr. 78 a. lögsækir stefndi í þessu máli áfrýjanda til að greiða sér og var sú krafa tekin til greina með hinum áfrýjaða dómi.

Stefndi hefir eigi haldið því fram, að áfrýjandi hafi samið við hann um kaup á umgetnum fiski áðen hann var fluttur frá Vattarnesi, en hann lítur svo á, að það eitt sé nægileg sönnun þess, að áfrýjandi hafi keypt fiskinn, að hann lét sækja hann og vega og gefa viðurkenningu fyrir móttöku hans, því þetta sé viðskiftavenja áfrýjanda þegar hann kaupir fisk »út um fjörð«, en hitt sé eigi venja hans, að láta sækja eða vega fisk, er hann hafi eigi keypt.

Áfrýjandi neitar því, að hann hafi keypt þennan Labradorfisk; hafi slíkt alls eigi komið til tals milli þeirra stefnda, en hinsvegar hafi annar af tveimur



útgerðarmönnum bátsins, er fiskurinn var veiddur á, og stefndi var formaður fyrir, boðið sér að kaupa fiskinn og beðið sig að láta sækja hann; á því kveðst hann þó eigi hafa gert kost, nema því aðeins að fiskurinn, sem honum var kunnugt um að verið hafi blautur og illa verkaður, væri betur þurkaður; fyrir ítrekuð tilmæli útgerðarmannsins hafi það svo orðið úr, að áfrýjandi lét sækja fiskinn gegn ákveðinni borgun fyrir flutninginn, ef eigi yði úr kaupunum. Fiskurinn hafi svo verið fluttur til Eskifjarðar og lagður upp á bryggju áfrýjanda; hafi hann litið á fiskinn og fullvissað sig um, að hann væri eigi kaupandi fyrir alment gangverð; skömmu síðar hafi fiskurinn verið tekinn af bryggjunni og seldur öðrum með 10% afslætti frá almennu gangverði, án þess áfrýjandi væri látinn vita um það, eða honum gefinn kostur á að kaupa hann fyrir hæfilegt verð. Kröfu sína um sýknun byggir áfrýjandi þannig á því, að stefndi sé eigi réttur sóknaraðili í málinu, því að hann hafi eigi samið við áfrýjanda um kaup á fiskinum, enda eigi verið eigandi hans eða umráðamaður, og að áfrýjandi hafi eigi lofað að kaupa hann öðruvísi en með framangreindu skilyrði og sé þetta viðurkennt af eiganda fisksins, öðrum útgerðarmanni bátsins, þar sem hann hafi sér óafvitandi selt fiskinn öðrum, en það hefði hann eigi getað talið sér heimilt, ef hann hefði litið svo á, að áfrýjandi hefði keypt fiskinn og væri eigandi hans.

Þessari skýrslu áfrýjanda um málavexti virðist eigi vera hnekt. Það að hann lét selja fiskinn, vege hann og gefa viðtökuvottorð um hann, getur eigi

gegn mótmælum hans, talist nægileg sönnun þess, að hann hafi keypt fiskinn af stefnda, og skal í því efni athugað, að þar sem áfrýjandi, að sögn hans sem ekki er sérstaklega véfengd, hafði gert öðrum útgerðarmanninum, sem ómótmælt var umráðamaður fisksins, kost á að kaupa hann með fyrirvara, þá var það ekki ástæðulaust eða óþarft, að fiskurinn var veginn, ef til kæmi að áfrýjandi keypti hann, og að viðurkenningu fyrir móttöku fisksins var einnig ástæða til að gefa út, þó að um flutning aðeins væri að ræða. Að öðru leyti styrkir það skýrslu áfrýjanda, að útgerðarmaðurinn, sem fyr getur, seldi fiskinn öðrum án þess, svo séð verði, að halda því að áfrýjanda að hann væri samningi bundinn um kaup á honum og að sami útgerðarmaður hefir samkvæmt vitnisburði fyrnefnds búðarmanns áfrýjanda, Eiriks Bjarnasonar, sem verður að teljast gilt vitni, komið inn á skrifstofu áfrýjanda og spurt um hvað hann ætti að borga fyrir flutning á fiskinum.

Það er eftir þessu, hvernig sem að öðru leyti verður á málið litið, ósannað, að áfrýjandi hafi gert kaup við stefnda um framangreindan Labradorfisk, og getur stefndi þá eigi átt skaðabótakröfu á hendur honum út af slíkum kaupum. Það ber því af þessari ástæðu að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda í málinu.

Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir málavöxtum eiga að falla niður.



Þvi dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Andr. Figved, á að vera sýkn af  
 kröfum stefnda, Gunnars Ingimundarsonar í  
 þessu máli.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli  
 niður.

Mánudaginn 29. apríl 1918.

Nr. 12/1918.

Valdstjórnin  
 gegn  
 Jafet Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðn-  
 um 24. desember f. á. var hinn kærði skipstjóri Jafet  
 Sigurðsson dæmdur fyrir brot á 1. gr. laga 30. júlí  
 1909 um aflutningsbann á áfengi, sbr. 14. gr. lag-  
 anna, til að greiða sekt til landsjóðs, 1000 kr. og  
 allan kostnað sakarinnar; ólöglega aðflutt áfengi var  
 dæmt upptækt og eign landssjóðs. Þessum dómi hefir  
 verið skotið til yfirdómsins, bæði eftir ósk hins kærða  
 og af hálfu valdstjórnarinnar.

Sakarefni er svo vaxið, að kærði, er var skip-  
 stjóri á motorbátnum »Úlfur« flutti með tédum bát í  
 júlímánuði í fyrra frá Kaupmannahöfn áfengisvörur  
 hingað til lands; flutti hann áfengið fyrir nafngreind-